

Sérreglur vegna útleigu á Félagsmiðstöðinni Þrykkjunni

Þrykkjan er fyrst og fremst félagsmiðstöð fyrir börn og ungmenni. Um útleigu á henni gilda aðeins nánari reglur en þegar um útleigu á öðru húsnæði í eigu sveitarfélagsins er að ræða.

1. Um útleigu á félagsmiðstöðinni gildir gjaldskrá sem uppfærast árlega og hægt er að nálgast gjaldskrána inn á [heimasíðu sveitarfélagsins](#).
2. Með leigu á Þrykkjunni fær leigutaki aðgang að opna rými félagsmiðstöðvarinnar, innanstokksmunum, leiktækjum og salernum. Leigutaki fær EKKI aðgang að skrifstofu, né öðrum rýmum inn af opna rýminu.
3. Þrif í Þrykkjunni eru eftir verkplani þjónustuaðila og því er ekki um sérstök þrif að ræða fyrir útleigu né eftir skil. Því er mikilvægt að leigutaki skili rýminu í sama ástandi og hann tók við því. Þó að Þrykkjan sé ekki sérstaklega þrifin fyrir útleigu mun umsjónaraðili hennar gæta þess að þar sé allt í góðu standi við afhendingu og að salerni séu hrein.
4. Leigutaki er vinsamlegast beðinn um að gera ráðstafanir vegna þrifa við skil, því búnaður sá sem notaður er í Þrykkjunni er ekki aðgengilegur leigutaka.
5. Leigutaki er vinsamlegast beðinn um að ganga vel um húsnæðið og fara vel með þau leiktæki sem þar eru.
6. Ef óhöpp verða sem leiða til tjóns á innanstokksmunum eða leiktækjum á meðan á leigutíma stendur, er leigutaki ábyrgur.
7. **Öll meðferð áfengis, nikótíns, tóbaks og annarra vímuefna er með öllu óheimil.**

Félagsmiðstöðin Þrykkjan

Upplýsingar um leiktæki og innanstokksmuni.

Leigutaka er bent á að leigusala ber ekki skylda til að allir neðangreindir hlutir séu til staðar við útleigu. Það getur verið misjafnt eftir tímabilum hvað er til staðar. Þetta er eingöngu talið til að veita áhugasömum upplýsingar um hverskonar hlutir eru dags daglega í félagsmiðstöðinni.

Leiktæki

- 2 x sjónvörp með HDM 1 tengi sem hægt er að tengja við tölvur.
- 1 x heimabíókerfi sem hægt er að tengja við bluetooth.
- 1 x PS5 leikjatölva með 4 stýrispínum og hleðslustöðvum.
- 1 x PS4 leikjatölva með 4 stýrispínum.
- Tölvuleikir með báðum leikjatölvum.
- 2x borðtennisborð, spaðar og boltar.
- Pool borð og kjuðar.
- Foosball borð.
- Soundbox kynslóð 3, hægt að tengja við bluetooth.
- Fullt af borðspilum.

Innanstokksmunir

- Lítilld eldhúskrókur með vaski og uppvöskunar aðstöðu.
- Örbylgjuofn.
- Eldavél.
- Helluborð.
- Allskonar áhöld, glös, diskar, skálar, pottar o.f.l.
- Lítilld ískápur.
- Borðstofuborð.
- 6 stólar við borðstofuborðið.
- Stór sjónvarpsófi og stofuborð.
- Minni sjónvarpsófi og stofuborð.
- 2x grjónapúðar.
- Flokkunar sorpstunnur.

Aðgangsupplýsingar.

Leigutaki fær aðgangskort að Þrykkjunni í samráði við verkefnastjóra á fræðslu- og frístundasviði eftir að búið er að semja um leigu.